

VIÐAUKI 6

STARFSNÁMSTÍMI SÉRNÁMSLÆKNA Í HEIMILISLÆKNINGUM Á LYFLÆKNINGAÐEILDUM LANDSPÍTALA Viðauki við samkomulag ÞÍH, HH og LSH um menntun lækna í sérnámi í heimilislækningum

1. Sérnámslæknar starfa ekki skemur en fjóra mánuði á lyflækningadeildum. Gert er ráð fyrir að starfsnám fari að megin hluta fram á göngudeildum þ.e. göngudeild gigtar og innkirtla/sykursýkismóttöku og á bráðalyflækningadeild A2 eða öðrum göngudeildum.
2. Sérnámslæknir fær úthlutað klíniskum handleiðara á göngudeild og á bráðalyflækningadeild. 2 mánuðum fyrir námsdvöl er mikilvægt að sérnámslæknir kynni sér upplýsingar um fyrirkomulag námsdvalar og möguleiki er á fundi/símafundi með sérnámslækni og umsjónalækni á lyflækningasviði og/eða kennslustjóra til að ræða aðlögun, vaktir og setja sameiginleg markmið. Sérnámslæknir fundar með kennslustjóra lyflækningadeilda í lok námsdvalar til að ræða umsögn og námsmat.
3. Kennslustjóri lyflækningadeildar ásamt klíniskum handleiðara ber ábyrgð á að fylgja sérnámslækni eftir, gera námsmat og taka á vandamálum, ef upp koma í starfsnámstíma (í samvinnu við viðkomandi yfirlækni og mentor sérnámslæknis ef þörf krefur). Við lok námsdvalar er umsögn og námsmat sent til mentors og kennslustjóra sérnáms í heimilislækningum.
4. Á heimasíðu fyrir framhaldsnám í almennum lyflækningum er flipi sem kallast “Heimilislækningar”. Þar er að finna gátlista og mismunandi matsblöð sem sérnámslæknar eiga að safna saman og hlaða að loknu námsmati í rafræna sérnámsmöppu sína í Heilsugæslunni.
5. Námsmat á lyflækningadeild fer að mestu fram með eftirfarandi aðferðum:
 - a. Umræða tilfellis – Case based discussion (CbD). Sérnámslæknir ræðir tilfelli við sérfræðing, greiningu og meðferð.
 - b. Mat á klíniskri vinnu – Mini Clinical Exam (Mini-CEX). Sérnámslæknir tekur sögu og skoðar sjúkling eða stjórnar teymis- eða fjölskyldufundi undir beinu eftirliti sérfræðings.
 - c. Eftirlit með inngrípi – Directly Observed Procedural Skills (DOPS). Sérnámslæknir framkvæmir inngríp undir beinni handleiðslu sérfræðings.
 - d. Umsagnablöðum frá sérfræðilæknum (MCR=Multiple Consultant Report eða matsblað fyrir lækna í sérnámi í heimilislækningum – sjúkrahús).
 - e. Með þverfaglegu mati (MSF=Multi source feedback)

6. Í fjögurra mánaða starfsnámstíma á lyflækningadeild þurfa sérnámslæknar að skila eftirfarandi námsmati :

- a. 2 MCR eða 2 matsblöð fyrir lækna í sérnámi í heimilislækningum-sjúkrahús.
- b. 4-6 MSF frá mismunandi starfsstéttum
- c. 3-4 Mini-CEX/CbD (getur farið fram í hermikennslu)

7. Sérnámslæknar taka þátt í:

- a. Þverfaglegri hermikennslu
- b. Fræðslufundum fyrir námslækna